



FJÁRMÁLA- OG
EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Launaákvarðanir þjóðkjörinna manna og embættismanna

Samráð á vinnumarkaði

Sigurður H. Helgason 10. janúar 2018

Ekkert fyrirkomulag óumdeilt

- Ýmsar aðferðir hafa verið notaðar hér á landi til að ákvarða laun þjóðkjörinna, dómara og embættismanna.
- Með sama hætti er að finna margbreytilegt fyrirkomulag í nágrannalöndunum.
- Ekkert fyrirkomulag er óumdeilt og deilur um launaákvarðanir hafa verið tíðar.
- Sambærilegar deilur hafa verið í nágrannalöndunum en þar eru þær fátíðari enda launaumhverfi allt í mun fastari skorðum en hér á landi.



Veikleiki íslensks vinnumarkaðar

- Nýlegar ákvarðanir kjararáðs hafa að mestu fylgt almennri launaþróun frá 2006 en þá tók ráðið til starfa.
- Launaþróun þeirra sem heyrta undir kjararáð hefur verið mun óreglulegri en flestra annarra hópa.
- Á tímabilum hafa launin hækkað minna en önnur laun en síðan er tekin ákvörðun um hlutfallslega háar launahækkanir.
- Að mörgu leyti er þetta afleiðing stöðu á vinnumarkaði með skorti á „merki“ og samstöðu um það ásamt höfrungahlaupi.
- Launaþróun þeirra sem heyra undir kjararáð og ákvarðanir kjararáðs er sennilega öfgakenndsta birtingarmynd þessa vanda.



Inngrip í ákvarðanir Kjaradóms og kjararáðs

- Lög nr. 2/2006 vegna ákvörðunar Kjaradóms um hækkun launa. Sjá héraðsdóm frá 19. des. 2006 vegna launalækkunar dómara.
- Lög nr. 148/2008 vegna launalækkunar alþingismanna og ráðherra um 5-15% ásamt endurskoðun á kjörum annarra er undir kjararáð heyrðu.
- Lög nr. 87/2009 vegna framkvæmdastjóra félaga í meirihlutaeigu ríkisins, forstöðumanna nokkurra stofnana ríkisins og að föst laun í dagvinnu yrðu ekki hærri en föst laun forsætisráðherra. Sjá Hæstaréttardóm frá 24. apríl 2013 vegna seðlabankastjóra.
- Lög nr. 127/2009 um framlengingu á launalækkun skv. lögum nr. 148/2008 til ársloka 2010. Sjá Hæstaréttardóm frá 24. nóv. 2006 vegna ágreinings um við hvaða tímamark átti að miða við afturköllun á launalækkun forstöðumanna.



Afleiðing inngripa

- Inngríp löggjafa í ákvarðanir sjálfstæðs stjórnvalds geta orkað tvímælis.
- Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að kjararáð fellur ekki undir boðvald ráðherra og er ekki bundið af stefnu og ákvörðunum hans varðandi launaþróun.
- Auðveldara að breyta aðferðum framávið en að afturkalla ákvarðanir.
- Inngrípin geta verið jákvæð við vissar aðstæður en á móti kemur að þær stuðla að enn óreglulegri launaþróun með tilheyrandi stökkum og dýfum.
- Inngrípin leysa ekki vanda en geta frestað honum.



Veikleikar í núverandi aðferðafræði

- Tvíþætt hlutverk kjararáðs:
 - Launasetning sem felur í sér ákvörðun um hvar starfi skuli raðað í „stigann“. Þar sem þau störf sem falla undir kjarráð eru mjög sérhæfð er eðli máls samkvæmt erfitt að finna hlutlægan mælikvarða á launasetningu.
 - Ákvörðun um launaþróun, sem á að vera mun einfaldari ef skýr viðmið eru valin.
- Misvægi í launaþróun veldur því að þessum ákvörðunum er blandað saman sem dregur úr gagnsæi ákvarðana.
- Oft hefur skort á rökstuðning kjararáðs, t.d. töluleg gögn vegna viðmiða um launaþróun.
- Leitast hefur við að taka á þessum veikleikum í núverandi lögum.



Breytingar samkvæmt nýjum lögum

- Fækkun þeirra sem falla undir kjararáð.
- Skerpt á ákvæðum um forsendur launaákvæðana kjararáðs:
 - Áhersla á að kjararáði beri að fylgjast með og meta hvorutveggja kjarasamninga og almenna launaþróun.
 - Ákvæði um að kjararáð getið ákveðið að laun taki árlega breytingum til samræmis við sameiginlega launastefnu á vinnumarkaði eða önnur viðmið sem lýsa almennri launaþróun á vinnumarkaði.
 - Með þessu er tryggt að kjararáð geti tengt launaákvæðanir sínar við sameiginlega launastefnu aðila vinnumarkaðarins.



Nýju lögin ekki komin til framkvæmda

- Í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 130/2016 segir að málum sem við gildistöku laganna hafa verið tekin til meðferðar skuli lokið samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/2006.
- Lögin tóku gildi 1. júlí 2017. Með lögum nr. 37/2017 var gildistöku nýs launakefis forstöðumanna hins vegar frestað til 1. janúar 2018 og málum sem hafa verið tekin til meðferðar fram að þeim tíma skal lokið samkvæmt lögum nr. 47/2006.
- Þau mál sem kjararáð hefur lokið fram til dagsins í dag hefur því öllum verið lokið samkvæmt ákvæðum laga nr. 47/2006.



Einstakt fyrirkomulag á Íslandi

- Hér á landi er launaákvörðun falið tilteknu ráði sem tekur einhliða ákvörðun.
- Ákvörðun um laun kjörinna fulltrúa og embættismanna er nokkuð öðruvísi farið á Norðurlöndum en hér á landi.
- Í öllum þessum löndum eru laun þingmanna ákveðin sérstaklega en mismunandi aðferðum beitt við að launasetja embættismenn.
- Meðfylgjandi er yfirlit yfir aðferðir við launaákvæðanir á öðrum Norðurlöndum en athuga verður að aðferðir í einstökum löndum kunna að hafa tekið breytingum frá því að yfirlitið var tekið saman.
- Vísað er til nánari lýsingar í kynningu á launamálum þingmanna á Íslandi og í nokkrum nágrannaríkjum.



Svíþjóð

- Launakjör ríkisstarfsmanna ráðast í meginatriðum af kjarasamningum.
- Launakjör þingmanna eru ákveðin með lögum.
- Launakjör ráðherra ákvarðast af sérstakri launanefnd.
- Launakjör hæstaréttardómara ákvarðast af launanefnd sem sérstaklega er ætlað að ákvarða launakjör forstöðumanna. Nefndina skipa fulltrúar launþega og ríkisins.
- Launakjör héraðsdómara ákvarðast af kjarasamningum.
- Launakjör ráðuneytisstjóra ákvarðast af kjarasamningum.
- Launakjör framkvæmdastjóra stórfyrirtækja ákvarðast af ríkisstjórninni.
- Launakjör presta ákvarðast af kjarasamningum.



Noregur

- Launakjör ríkisstarfsmanna ákvarðast í meginatriðum af kjarasamningum.
- Launakjör þingmanna eru ákveðin með lögum.
- Launakjör ráðherra eru ákveðin í lögum.
Launakjör hæstaréttardómara eru ákveðin í lögum.
- Launakjör lægra settra dómara ákvarðast af kjarasamningum.
- Launakjör biskups og presta ákvarðast af kjarasamningum.
- Launakjör forstöðumanna stærri fyrirtækja og stofnana eru ákveðin utan kjarasamninga.
- Launakjör annarra forstöðumanna ákvarðast af kjarasamningum.
- Launakjör ráðuneytisstjóra eru ákveðin utan kjarasamninga.



Danmörk

- Launakjör ríkisstarfsmanna ákvarðast af kjarasamningum.
- Launakjör þingmanna ákvarðast í lögum.
- Launakjör ráðherra eru ákveðin í lögum.
- Föst laun og breytilegar aukagreiðslur til forstöðumanna og æðri embættismanna eru ákveðin í kjarasamningum.



Finnland

- Launakjör ríkisstarfsmanna ákvarðast í meginatriðum af kjarasamningum.
- Laun þingmanna ákvarðast í lögum.
- Laun ráðherra eru ákveðin í lögum.
- Laun forseta hæstaréttar og forseta æðsta stjórnarsýsludómstóls Finnlands eru ákveðin í lögum.
- Laun annarra dómara ákvarðast af kjarasamningum.
- Launakjör biskups og presta ákvarðast af kjarasamningum.
- Launakjör forstöðumanna stærri fyrirtækja og æðri embættismanna ákveðast utan kjarasamninga.

